

Skattavakt PwC

Fréttabréf skatta- og lögfræðisviðs

11. tölublað 2014

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á skatta- og lögfræðisviði PwC skrifa um skattarétt og tengd málefni.

pwc

Efnisyfirlit

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 2. október 2014 í máli nr. 92/2013

Íslenska ríkið sýknað af kröfu stefnanda um ógildingu ákvörðunar ríkisskattstjóra, endurgreiðslu ofgreiddra skatta og skaðabætur.

Tvísköttunarsamningur við Albaníu undirritaður

Breytingar á dagpeningum ríkisstarfsmanna – auglýsing nr. 2/2014

Drög að reglugerð um milliverðlagningu

Starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur skilað af sér drögum að reglugerð um milliverðlagningu til umsagnar.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. október 2014 í máli nr. E-4178/2013

Gjaldtaka hjá stefnanda vegna reksturs embættis umboðsmanns skuldara dæmd ólögmat.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. október 2014 í máli nr. 279/2014

Stefnendum ekki heimilt að færa tap á móti hagnaði af sölu hlutabréfa í skattskilum sínum þar sem ekki var talið að um sams konar eign hefði verið að ræða.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 2. október 2014 í máli nr. 92/2013

Einstaklingur stefndi íslenska ríkinu og krafðist þess að ógilt yrði ákvörðun ríkisskattstjóra um að hafna umsókn hans um fá að nýta skattkort eiginkonu sinnar og að íslenska ríkinu yrði gert að greiða sér fjárhæð sem svaraði til ofgreidds tekjuskatts hans vegna þessarar ákvörðunar.

Undir meðferð málsins fyrir Hæstarétti var leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um tiltekin atriði og kvað dómstóllinn upp dóm sinn hinn 27. júní 2014. Var umrætt álit dómstólsins reifað í 6-7. tbl. af skattavakt PwC 2014.

Fyrir dómi bar stefnandi því við að íslenska ríkið hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum

Var það mat Hæstaréttar Íslands að þrátt fyrir að EFTA-dómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði þágildandi 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hefði verið í andstöðu við ákvæði tilskipana 90/365 og 2004/38, væri til þess að lita að tekjuskattslögum hefði ekki verið breytt við innleiðingu umræddra tilskipana.

Með hliðsjón af því hefði ríkisskattstjóri ekki getað ákvarðað á annan veg í máli stefnanda enda hafi ríkisskattstjóri borið að virða gildandi lög um samnýtingu skattkorta hjóna er sett hefðu verið með stjórnskipulega réttum hætti.

Var íslenska ríkið því sýknað af kröfum stefnanda um ógildingu ákvörðunar ríkisskattstjóra og endurgreiðslukröfu stefnanda.

Taldi Hæstiréttur enn fremur að brot íslenska ríkisins, á skyldu þess til að innleiða reglur EES-réttar, teldist ekki nægilega alvarlegt þannig að varðaði skaðabótaskyldu. Var íslenska ríkið því jafnframt sýknað af kröfu stefnanda um skaðabætur.

Tvísköttunarsamningur við Albaníu undirritaður

Samningur milli Íslands og Albaníu til að komast hjá tvísköttun á tekjur hefur verið undirritaður.

Samkvæmt samningnum skal afdráttarskattur af arði vera 5% ef það félag sem móttækur arðinn á a.m.k. 25% eignarhlut í arðgreiðanda. Í öðrum tilvikum skal skatturinn nema 10%.

Þá skal afdráttarskattur af vöxtum og þóknunum nema 10%.

Stefnt er að því að samningurinn komi til framkvæmda 1. janúar 2016.

Breytingar á dagpeningum ríkisstarfsmanna

Samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2014 frá 30. september 2014 skulu dagpeningar ríkisstarfsmanna vera sem hér segir:

- Gisting og fæði í einn sólarhring: 24.900 kr.
- Gisting í einn sólarhring: 14.100 kr.
- Fæði í hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag: 10.800 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag: 5.400 kr.

Dagpeningar þessir gilda frá og með 1. október 2014.

Drög að reglugerð um milliverðlagningu

Með breytingum á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem gerðar voru í lok árs 2013, voru lögfestar hér á landi sérstakar reglur um milliverðlagningu (e. Transfer Pricing). Reglurnar er að finna í 3.-6. mgr. 57. gr. laganna. Þá var ráðherra veitt heimild til þess að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd reglna um milliverðlagningu.

Starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur nú skilað af sér drögum að reglugerð um milliverðlagningu til umsagnar.

Í umræddum drögum að reglugerð um milliverðlagningu eru ákvæði sem varpa ljósi á skjölunarskyldu þeirra sem ber skylda til að skrá

viðskipti við tengda aðila samkvæmt lögnum. Í drögnum kemur fram að skjölun skuli m.a. innihalda: almenna lýsingu á samstæðunni, einstökum lögaðilum innan hennar og hlutverki þeirra, ársreikninga síðustu þriggja ára, almenna lýsingu á öllum viðskiptum hins skjölunarskylda lögaðila við tengda aðila, upplýsingar um viðskipta-skilmála, upplýsingar um óefnislegar eignir samstæðunnar og hvaða aðferðir eru notaðar við ákvörðun verðs í viðskiptum milli tengdra aðila. Þá er tekið fram að skjölunarskylda gildi ekki um minniháttar viðskipti milli tengdra aðila, en þar er átt við ráðstafanir sem hafa takmarkað efnahagslegt vægi og eru ekki hluti af kjarnastarfsemi aðila.

Umsagnir um reglugerðardrögin óskuðust sendar fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 20. október s.l.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. október 2014 í máli nr. E-4178/2013

Fallist var á með stefnanda, Lýsingu hf., að álagning og innheimta gjalds, sem stefnanda var gert að greiða vegna reksturs embættis umboðsmanns skuldara samkvæmt 5. gr. laga nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara, eins og ákvæðið hljóðaði áður en því var breytt með lögum 166/2011, hefði verið ólöglegt.

Að mati dómsins hafði stefnda, íslenska ríkinu, ekki tekist að sýna fram á að nægileg tengsl hefðu verið milli hins umþrætta þjónustugjalds og fjárhæðar þess og þeirrar þjónustu sem umboðsmaður skuldara veitti stefnanda.

Var ekki talið að þágildandi ákvæði 5. gr. laga nr. 100/2010 fullnægði kröfum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem ekki hefði verið nægilega skýrt kveðið á um álagningarstofn og álagningarhlutfall í lögnum, enda miðaðist álagningarhlutfall ekki við fyrirfram ákveðna skattprósentu heldur hlutdeild gjaldanda í heildarumfangi útlánastarfsemi gjaldskyldra aðila.

Var íslenska ríkinu gert að endurgreiða Lýsingu hf. umrætt gjald ásamt vöxtum.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. október 2014 í máli nr. 279/2014

Deilt var um hvort hlutabréf sem stefnendur keyptu í ágúst 2007 í félaginu Melrose PLC, og breyttust síðar í svonefnd eftirleguhlutabréf í sama félagi, hefðu verið sams konar eign í merkingu 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og hlutabréf sem stefnendur áttu í Glitni banka hf. og seldu sama ár. Laut ágreiningur nánar tiltekið að því hvort stefnendum hefði verið heimilt að færa tap af sölu hlutabréfa í Melrose PLC á móti hagnaði af sölu hlutabréfa í Glitni banka hf. í skattskilum sínum á þeim grundvelli að um sams konar eignir hafi verið að ræða.

Kom fram í dómi Hæstaréttar að fjárfestingum stefnenda í hlutabréfum í Glitni banka hf. hefðu fylgt öll hefðbundin réttindi hluthafa í hlutafélagi en öðru máli gegndi um viðskipti stefnenda með hluti í breska félaginu Melrose PLC. Hefðu stefnendur keypt svokölluð C-hlutabréf í félaginu, sem samkvæmt skilmálum arðgreiðsluáætlunar félagsins hefðu ekki verið skráð í kauphöll og ekki hæf til viðskipta nema að takmörkuðu leyti, öfugt við almenn hlutabréf í félaginu.

Með kaupnum hefðu stefnendur eignast skilyrðislausu kröfu á hendur félaginu um greiðslu arðs í eitt skipti og hefði arðurinn verið fyrirfram ákveðinn við hlutafjárkaupin. Hefðu kaupin því ekki falið í sér hefðbundin hlutabréfaviðskipti með þeirri áhættu sem slíkum viðskiptum fylgir, heldur kaup á kröfu sem veitti stefnendum skilyrðislausan rétt til greiðslu arðs úr félaginu í eitt skipti.

Með hliðsjón af þessu var ekki talið að um sams konar eign hefði verið að ræða og var niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur um sýknu íslenska ríkisins af kröfum stefnenda því staðfest af Hæstarétti.

Skatta- og lögfræðisvið PwC

Starfsfólk skatta- og lögfræðisviðs PwC býður upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlegan skattarétt
- Félagarétt
- Milliverðlagningu („Transfer Pricing“)
- Samruna, skiptingar og yfirtökur
- Skattlagningu einstaklinga
- Skattlagningu rekstraraðila
- Virðisaukaskatt

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður

Jóhanna Á. Jónsdóttir

Sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs

Sími: +354 550 5356

johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

Ritstjóri

Þórarinn Egill Þórarinsson

Lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði

Sími: +354 550 5352

thorarinn.e.thorarinsson@is.pwc.com

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S: 550 5300 | Fax: 550-5301 | www.pwc.com/is

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt vefriti þessu án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2014 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki innan PricewaterhouseCoopers International Limited, sem öll eru þó lagalega sjálfstæðar einingar.